

Erindisbréf

Starfshópur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Hlutverk:

Meginverkefni starfshópsins er að skoða fyrirkomulag NPA, tímagjald, samræmdar reglur, hvernig úthlutun er háttáð og eftirfylgni.

Hópurinn skal gera drög að reglum um NPA í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og í samræmi við reglugerð nr. 1250/2018 um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Hópurinn skal koma með tillögu að tímagjaldi vegna NPA þjónustu sem skal endurspegla heildarkostnað við hverja klukkustund að meðaltali. Leitast skal við að samræma tímagjald því sem gerist í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Hópurinn skal fara yfir verklag við úthlutun NPA þjónustu og hvernig staðið er að þjónustunni.

Starfshópsins miðar að því að styðja við NPA þjónustu við fatlað fólk og festa þjónustuna í sessi á innleiðingartímabilinu sem er til ársins 2022.

Starfshópurinn starfar í umboði fjölskylduráðs.

Skipulag:

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum eigi síðar en 1.mars 2020. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Miðað er við að hópurinn haldi 10 fundi og skal skrá í fundargerðir þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins. Fundargerðir skal senda fjölskylduráði og Ráðgjafarráði fatlaðs fólks til kynningar.

Leitað skal samráðs við notendur og aðra hagsmunaaðila.

Fulltrúar í starfshópnum:

Fjölskylduráð hefur skipað eftirtalda aðila í starfshópinn:

XXXXX fulltrúi meirihluta

XXXXX fulltrúi meirihluta

XXXXX fulltrúi meirihluta

XXXXX fulltrúi minnihluta

XXXXX fulltrúi minnihluta

XXXXX fulltrúi Ráðgjafarráðs í málefnum fatlaðs fólks



HAFNARFJÖRÐUR

Starfsmaður starfshópsins er sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Samþykkt erindisbréfs:

Erindisbréf þetta var samþykkt í fjölskylduráði 8. nóvember 2019.

DRÖG